FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Tilvera með áherslu á líðandi stund, fjölmiðla og samfélagsmiðla
Námsgrein:	Tilveran
Viðfangsefni:	samfélagsmiðlar og fjölmiðlar
Skammstöfun:	TILV1SF02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Áfanginn fjallar um samfélagsmiðla, fjölmiðla og dægurmál. Notkunarmöguleikar, kostir og gallar miðlanna eru teknir fyrir. Fylgst er með fréttum líðandi stundar. Leitast er við að styrkja nemendur í að vera gagnrýnir og virkir þátttakendur í jafnréttis og lýðæðissamfélagi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu samfélagsmiðlum og notkunarmöguleikum þeirra • helstu tegundum fjölmiðla • samfélagslegum gildum, siðfræði, mannréttindum og jafnrétti • hugtakinu tjáningarfrelsi • leiðum til að geta aflað sér upplýsinga um málefni líðandi stundar • mikilvægi upplýstrar umræðu og skoðanaskipta • gildi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi • hættum sem tengjast fjölmiðlum nútímans.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita gagnrýnni hugsun • forðast hættur samfélagsmiðla • beita algengum samskiptareglum við mismunandi félagslegar aðstæður • horfa gagnrýnið á auglýsingar og annað fréttaefni og taka sjálfstæða afstöðu • nálgast mismunandi fjölmiðla óháð miðlunarformi • draga aðalatriði út mismunandi fréttatilkynningum og endursegja • nýta sér fjölmiðla og samfélagsmiðla sér til gagns og/eða gamans
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • nýta sér læsi í víðu samhengi • taka þátt í samfélagi sem er í sífelldri þróun • lesa í aðstæður og beita viðeigandi samskiptareglum • meta upplýsingar um samfélagsleg málefni líðandi stundar • vera meðvitaður um kosti og hættur samfélags- og fjölmiðla

	• tjá sig um ýmis málefni sem fram koma í fjölmiðlum og virða skoðanir annarra • nýta sér upplýsingar frá fjölmiðlum á gagnrýnin hátt • átta sig á framsetningu efnis í fjölmiðlum og gagnsemi fjölmiðla.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.